

Alþingi  
Erindi nr. P 140/371  
komudagur 20.11.2011

# Varmavélar ehf.

Skrifstofa alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

## Umsögn v/ máls 32 - um endurgreiðslu vsk. á varmadælur.

Undirritaður hefur áratuga reynslu af borunum eftir heitu og köldu vatni, og á síðari árum einnig af hönnun, smíði og uppsetningu varmadælna. Af fenginni reynslu get ég staðfest að í tilvikum standa þessi tæki **jafnfætis ódýrustu hitveitum** í þessu landi. Að mínu mati er allra hagur að örva útbreiðslu og notkun þessa búnaðar. Endurgreiðsla vsk er jákvæður hvati á þá myllu. Vísað er á [www.varmavelar.is](http://www.varmavelar.is) til frekari upplýsinga.

### **Endurgreiðsla virðisaukaskatts:**

Áhrifin yrðu margvísleg og jákvæð, t.d.:

- Sveitarfélög munu sérstaklega njóta góðs af og hugsa sér frekar til hreyfings.
- Einstaklingar fjárfesta frekar í stærri og vandaðri varmadælum og spara meira.
- Arðbær atvinna skapast fyrir fjölmargar hendur við hönnun smíði og uppsetningu.
- Raforkukerfið nýtur góðs af og veruleg raforka fellur til án virkjunar.
- Olíukyndingum mun vonandi fækka og helst hverfa með öllu.
- Niðurgreiðslur vegna húshitunar munu minnka verulega.

Endurgreiðslukerfið er þegar til og þrautprófað, sbr endurgreiðslu vsk. af viðhaldi húsa, en mikilvægt er að benda á tvö atriði í sambandi við hugsanlega endurgreiðslu vsk.

## Hvað á að flokkast undir endurgreiðslu vsk og hvað ekki. ?

Varmadæla er í eðli sínu nokkurskonar færiband sem flytur orku frá einum stað til annars. Rafmótor drífur þær rétt eins og færibandið en hagkvæmni þessara tækja felst í því að fyrir hverja orkueiningu sem mótorinn þarf til sín flytur varmadælan margfalt fleiri orkueiningar á milli staða. Nánar um þetta á [www.varmavelar.is/docs/varmadaelur.pdf](http://www.varmavelar.is/docs/varmadaelur.pdf) Þessi tæki þurfa með öðrum orðum öll að hafa aðgang að orku til að vinna úr, svo sem útilofti, vatni úr borholu eða volgru og enn einn möguleiki er að vinna orkuna úr sjónum.

Varmadæla sem sækir orkuna í útiloftið samanstendur af vélbúnaði úti og inni og hana er vandalaust að skilgreina gagnvart endurgreiðslu virðisaukaskatts. Hagkvæmstu varmadælurnar eru þær sem sækja orkuna í volgrur eða borholur. Í tilvikum þar sem vatns er von er betri kostur að bora holur og virkja með þeim kostnaði sem því fylgir fremur en að nota loftútfærsluna. Mikilvægt er að kostnaður við borun og allan nauðsynlegan frágang borholu eða sjóveitu njóti endurgreiðslu vsk á sama hátt og vélbúnaðurinn sem þarf til að fanga orkuna úr loftinu. Sá búnaður kostar líka mikla peninga.

### Fagkunnátta.

Varmadælur og allt sem uppsetningu þeirra og rekstri viðkemur krefst fagþekkingar á mörgum sviðum, td. kælitækni, rafmagnsfræði, hitunakerfum húsa o.fl. **Ástæða er til að leggja ríka áherslu á faglega þáttinn** og hafa muninn á fagmanni og sölumanni algjörlega á hreinu við úthlutun fjármuna úr sjóðum okkar allra.

Reykjavík, 20 nóvember 2011

Varmavélar ehf.

Friðfinnur K. Daníelsson  
Verkfræðingur.

[www.alvarr.is](http://www.alvarr.is)  
[www.varmavelar.is](http://www.varmavelar.is)